

Kirkjuþing unga fólksins 2016.#

1. mál –þskj. 8.#

#

Nefndarálit

við tillögu til þingsályktunar um fundi um siðareglur kirkjunnar#

(Lagt fyrir kirkjuþing unga fólksins 2016)#

Frsm. Daníel Ágúst Gautason#

Kirkjuþing unga fólksins 2016 ályktar að söfnuðir haldi á hverju ári fundi með sínu starfsfólki þar sem sóknarprestur eða fagaðili fari yfir siðareglur og heilræði kirkjunnar fyrir leiðtoga í æskulýðs- og barnastarfi. **Skylda verður fyrir alla leiðtoga að sitja fundinn annað hvert ár. Eftirlit verður með mætingu og fundarhaldi.#**

Greinargerð#

Það á að vera skylda að farið sé yfir siðareglurnar fyrir alla leiðtoga árlega. Á fundinum skulu sitja allir sem koma að æskulýðs- og barnastarfi, leiðtogar og ungleiðtogar, starfsmenn og sjálfboðaliðar.#

Það eru margar ástæður til að fara árlega yfir siðareglurnar. Meðal annars getur stökkið úr því að vera þáttakandi í æskulýðsstarfi yfir í það að vera leiðtogi verið krefjandi og þá geta siðferðismörk leiðtoganna verið óskýr. Það er líka fyrirbyggjandi að rifja siðareglurnar reglulega upp.#

Þá er lagt til að sóknarprestur eða fagaðili sjái um kynninguna og fræðsluna á siðareglunum. **Með slíkri kynningu er mælt með fræðslumyndbandi um siðareglurnar til hliðsjónar.#**

Einnig skal vera brýnt á því að ávallt megi nálgast siðareglurnar á vefsíðu ÆSKR og Þjóðkirkjunnar. Siðareglurnar eru settar fram til að verja bæði þátttakendur í æskulýðs- og barnastarfi, en einnig leiðtogana. Því er farið fram á faglega en um leið skyldubundna kynningu á þeim.#

Reykjavík, 30. apríl 2016#

Blær Elísson#

Daníel Ágúst Gautason#

Þorbjörg Erna Mímisdóttir#

Margrét Heba #

Hildur #

Lára Viðarsdóttir#

Jakob Möller#